



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEILLAÓSKIR TIL NÝKJÖRINS FORSETA KÍNA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag, miðvikudaginn 21. mars 2018, heillaóskir til forseta Kína, Xi Jinping, sem fyrir fáeinum dögum var endurkjörinn sem forseti lands síns.

Forseti áréttar í kveðju sinni mikilvægi þess að þjóðarleiðtogar „stuðli að friði í heiminum og leitist við að veita fólki öryggi og hagsæld, tryggja réttindi þess og einstaklingsfrelsi.“

Í bréfi sínu nefnir forseti jafnframt farsælt samstarf Kínverja og Íslendinga á fjölmörgum sviðum um langt árabíl; viðskipti landanna hafi aukist jafnt og þétt í kjölfar fríverslunarsamnings sem undirritaður var árið 2013 og samvinna íslenskra og kínverskra fyrirtækja um hitaveitur í kínverskum borgum hafi reynst afar farsæl og stuðlað að bættum loftgæðum í Kína. Að endingu nefnir forseti vaxandi fjölda kínverskra ferðamanna sem heimsækja Ísland ár hvert og vonar að „samstarf þjóðanna verði áfram farsælt og árangursríkt.“

*21. mars 2018*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*